

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1523/96

frá 24. júlí 1996

um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1617/93 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða varðandi sameiginlega áætlunargerð og samræmda ferðaáætlun, sameiginlegan rekstur, samráð um fargjöld og farmgjöld í áætlunarflugi og um úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum(*)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3976/87 frá 14. desember 1987 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga og samstilltra aðgerða á sviði flutninga í lofti ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 3. gr.,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu á sviði flutninga í lofti,

að birtum drögum að reglugerð þessari ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1617/93 ⁽³⁾, eins og henni var breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, öðlaðist 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gildi gagnvart samningum milli fyrirtækja sem starfa á sviði flutninga í lofti, ákvörðunum sem eru teknar af samtökum slíkra fyrirtækja og samstilltum aðgerðum milli slíkra fyrirtækja sem meðal annars miða að samráði um gjaldskrá fyrir farþegaflutning, þar á meðal fyrir farangur, og fyrir farmflutning í áætlunarflugi milli flugvalla í bandalaginu.

2) Samþykkt undanþágureglugerðar varðandi samráð um farmgjöld í loftflutningum var í aðalatriðum grundvölluð á tveimur þáttum:

- nauðsyn þess að gefa flugfélögum ráðrúm til að laga sig að vaxandi samkeppni,
- nauðsyn þess að stuðla að almennri viðurkenningu á félagaflugskiptum, bæði til gagns fyrir flugfélög og notendur.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 190, 31. 7. 1996, bls. 11, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/96 frá 27. nóvember 1996 um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 374, 31. 12. 1987, bls. 9.

(2) Stjtið. EB nr. C 322, 2. 12. 1995, bls. 15.

(3) Stjtið. EB nr. L 155, 26. 6. 1993, bls. 18.

3) Að því er varðar fyrri þáttinn ber að taka fram að frá því reglugerð (EBE) nr. 3976/87 var samþykkt hafa flugfélög haft átta ár til að laga sig að aukinni samkeppni. Samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins ⁽⁴⁾, eins og henni var breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, skal markaðsaðgangur vera óheftur frá 1. apríl 1997 að telja.

4) Ekki eru efni til að framlengja þennan aðlögunartíma frekar þar eð hann virðist nægja flugfélögum til að laga sig að nýjum markaðsaðstæðum.

5) Að því er varðar félagaflugskipti ber að taka tillit til eftirfarandi atriða:

- samkvæmt upplýsingum og gögnum sem flugfélögin og Alþjóðasamband flugfélaga hafa látið í té eru taxtar í kjölfar samráðs um gjaldskrá allt að 70% hærrí en markaðsverð. Það hefur meðal annars í för með sér að flutningar sem falla undir samninga um félagaflugskipti fara fram samkvæmt töxtum, sem flutningsnotendur og flugfélögin eða fulltrúar þeirra semja um sín á milli, og eru þeir ekki í neinum raunverulegum tengslum við þá taxa sem eru ákveðnir með samráði um gjaldskrá. Þannig liggur fyrir að félagaflugskipti eru í sumum tilvikum samkvæmt töxtum sem eru meir en helmingi lægri en taxtar sem eru ákveðnir með samráði,

- einnig liggur fyrir að flugfélög, sem eiga ekki aðild að samráði um gjaldskrá, flytja farm samkvæmt samningum um félagaflugskipti,

- samkvæmt upplýsingum sem flugfélögin hafa látið í té lækkaði hlutfall vöruflutninga innan bandalagsins sem falla undir samninga um félagaflugskipti úr 30% 1991 í 11% við árslok 1994. Að því er varðar sum flugfélög er umrædd tala undir 2%,

- í sumum tilvikum eru hinir mjög svo háu taxtar, sem eru ákveðnir með samráði um gjaldskrá, látnir gilda fyrir flutningsnotendur, án þess að um félagaflugskipti sé að ræða,

(4) Stjtið. EB nr. L 240, 24. 8. 1992, bls. 8.

- sum flugfélög hafa leitast við að endurbæta aðferðirnar sem eru notaðar við að ákvarða taxta með samráði og að koma á lægri töxtum, en það hefur ekki borið árangur.
- 6) Með tilliti til fyrrnefndra atriða er ekki lengur þörf á samráði um gjaldskrá til að stuðla að viðurkenningu á almennum skilyrðum fyrir félagaflugskiptum. Fyrrnefnt samráð leiðir einnig til þess að háir taxtar eru ákvarðaðir notendum í óhag og er ekki lengur nauðsynlegt til að félagaflugskipti geti átt sér stað, meðal annars með hliðsjón af því að fram til þessa hafa aðeins fáir samningar verið gerðir á þessum sviði og þeirri staðreynd að slíkir samningar eru yfirleitt tvíhliða samningar.
- 7) Samráð um farmgjöld skal því ekki lengur falla undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 1617/93.
- 8) Veita ber frest til að breyta umræddum samningum og samstilltum aðgerðum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 1617/93 er breytt sem hér segir:

1. Í 1. gr. komi eftirfarandi í stað þriðja undirliðar:

„- samráð um gjaldskrá fyrir farþegaflutning, þar á meðal fyrir farangur, í áætlunarflugi milli flugvalla í bandalaginu og/eða“.

2. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 4. gr.:

- a) í stað fyrirsagnar komi eftirfarandi:

„Sérstök ákvæði varðandi samráð um fargjöld“;

- b) ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

- i) eftirfarandi komi í stað upphafsorðanna:

„Undanþága vegna samráðs um fargjöld gildir aðeins að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:“;

- ii) eftirfarandi komi í stað a-liðar:

„a) að þátttakendurnir ræði einungis fargjöld sem flugnotendur greiða beint til aðildarflugfélags eða viðurkendra umboðsmanna þess fyrir farþegaflutning í áætlunarflugi, ásamt skilyrðum í tengslum við þessi gjöld. Samráðið skal ekki taka til flutningsgetunnar sem slík gjöld eiga að gilda fyrir;“

- iii) eftirfarandi komi í stað c-liðar:

„c) að fargjöld, sem samráð snýst um, séu notuð af aðildarflugfélögum án mismununar á grundvelli ríkisfangs farþega eða búsetustaðar í bandalaginu;“

- iv) eftirfarandi komi í stað e-liðar:

„e) að samráðið sé ekki bindandi fyrir þátttakendur, með öðrum orðum að þátttakendur hafi eftir samráðið áfram rétt til að koma fram sjálfstætt hvað snertir fargjaldataxta;“.

2. gr.

Heimilt er að breyta gildandi samningum og samstilltum aðgerðum til að þau samræmist ákvæðum þessarar reglugerðar eigi síðar en 30. júní 1997.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júlí 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karel VAN MIERT

framkvæmdastjóri.